



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Skrifstofa alþjóðasamskipta

Skiptinám







Efnisyfirlit

Skrifstofa alþjóðasamskipta	4
Einstakt tækifæri	4
Kostir þess að fara í skiptinám	6
Skilyrði fyrir skiptinámi	6
Val á gestaskóla	8
Styrkir og fjármögnun	8
Starfsnám	10
Umsóknin	10
Helstu umsóknarfrestir	11
Ferlið í hnotskurn	12
Eftir umsóknarfrestinn	14
Umsagnir nemenda	15

Skrifstofa alþjóðasamskipta

Eitt af hlutverkum Skrifstofu alþjóðasamskipta Háskóla Íslands er umsjón með skiptinámi við erlenda samstarfsskóla, bæði fyrir nemendur Háskóla Íslands sem halda utan í skiptinám og erlenda skiptinema sem hingað koma. Starfsfólk skrifstofunnar veitir upplýsingar um möguleika nemenda Háskóla Íslands á skiptinámi í samstarfsskólum skólans um víða veröld og annast umsýslu umsókna.


Upplýsingar um skiptinám

- » á vef Háskóla Íslands
www.hi.is/skiptinam
- » hjá Skrifstofu alþjóðasamskipta á Háskólatorgi, 3. hæð.
Opíð alla virka daga kl. 10.00–12.00 og 12.30–15.00.
Sími 525 4311 – Netfang: ask@hi.is
- » hjá alþjóðafulltrúum sem starfa í flestum deildum Háskóla Íslands
- » á reglulegum skiptinámskynningum á vegum Skrifstofu alþjóðasamskipta

Einstakt tækifæri

Háskóli Íslands er í samstarfi við yfir 500 háskóla út um allan heim. Í því felast einstök tækifæri fyrir nemendur til að stunda hluta af námi sínu við erlenda háskóla. Nemendur geta fengið skiptinámið metið inn í námsferil sinn við Háskóla Íslands svo dvölin hafi ekki áhrif á lengd námsins. Skiptinám getur einnig gert nemendum kleift að stunda nám við fremstu háskóla heims þar sem annars gæti verið afar erfitt að fá inngöngu og veitir tækifæri á fjölbreyttara námsframboði, ekki síst á framhaldsstigi. Auk þess getur skiptinám opnað dyr fyrir nemendur sem hafa áhuga á að fara síðar í áframhaldandi nám við sama skóla eða í sama landi.





Kostir þess að fara í skiptinám

- » fjölbreyttara námsframboð
- » skiptinámið er metið inn í námsferil við Háskóla Íslands
- » tækifæri til að kynnst menningu annarra landa
- » einfaldara og ódýrara en að fara í nám á eigin vegum
- » möguleikar á ferða- og dvalarstyrkjum til Evrópu
- » niðurfelld skólagjöld m.a. við háskóla í Bandaríkjunum og Kanada
- » aukin tungumálakunnátta
- » dýrmæt reynsla sem nýtist í frekara námi eða á vinnumarkaði

Skilyrði fyrir skiptinámi

Hægt er að fara sem skiptinemi í grunn- og framhaldsnámi. Þó er misjafnt eftir samstarfs-skólum hvort þeir taka inn stúdenta í grunn- og/eða framhaldsnám.

Grunnneymar þurfa að hafa lokið a.m.k. einu ári af námi sínu við Háskóla Íslands áður en skiptinám hefst. Stúdentar á fyrsta ári geta því sótt um skiptinám og farið út á öðru ári að því tilskildu að þeir hafi lokið 60 ECTS einingum áður en nám við gestaskólann hefst. Í sumum námsgreinum þarf að hafa lokið meira en einu ári af náminu áður en farið er í skiptinámið, og sumar greinar leyfa eingöngu skiptinám á framhaldsstigi. Stúdentar sem eru að hefja meistara- eða doktorsnám geta farið í skiptinám strax á fyrsta misseri námsins, en eins og alltaf þarf að liggja fyrir samþykki deildar og doktorsleiðbeinenda ef við á.

Hvort sem farið er í skiptinám í grunn- eða framhaldsnámi þurfa stúdentar að taka a.m.k. helming námsins við Háskóla Íslands og útskrifast þaðan.

Hægt er að sækja um að fara í skiptinám í eitt misseri eða fleiri, þó að hámarki eitt skólaár á hverju námsstigi.



Val á gestaskóla

Eitt af því mikilvægasta og tímafreakasta í undirbúningi skiptinámsins er að velja skóla. Það er mjög mikilvægt að skoða skóla vel með tilliti til námskeiða sem fást metin inn í námið við Háskóla Íslands. Öll námskeið sem tekin eru við gestaskólann þurfa að vera hluti af náminu við Háskóla Íslands og gera þarf námssamning/ námsáætlun (e. Learning Agreement) og fá hann samþykktan af forsvarsmanni eða alþjóðafulltrúa deildar. Tungumálakunnátta hefur mikið að segja við val á gestaskóla. Í mörgum löndum er takmarkað námsframboð á ensku en það hefur þó aukist undanfarið.

Flestir nemendur Háskóla Íslands fara til Norðurlandanna og Evrópu innan Nordplus og Erasmus áætlanna og njóta ferða- og dvalarstyrkja. Möguleikarnir liggja þó um víða veröld í gegnum samninga sem HÍ hefur gert við háskóla í Bandaríkjunum, Kanada, Asíu, Ástralíu og Rómönsku-Ameríku. Í þeim tilfellum eru skólagjöld við gestaskólann að jafnaði niðurfelld.

Við val á gestaskóla er gagnlegt að tala við kennara, aðra nemendur, fyrirverandi skiptinema, alþjóðafulltrúa deilda eða starfsfólk Skrifstofu alþjóðasamskipta. Einnig getur verið fróðlegt að skoða lokaskýrslur fyrirverandi

skiptinema, sem er að finna á vefsíðu okkar www.hi.is/skiptinam.

Styrkir og fjármögnun

Í stúdentaskiptum eru skólagjöld við gestaskólann felld niður en nemendur greiða árlegt skráningargjald við Háskóla Íslands. Ef farið er í skiptinám í gegnum Nordplus og Erasmus áætlanirnar eru ferða- og dvalarstyrkir í boði.

- **Erasmus+**
Menntaáætlun Evrópusambandsins, Erasmus+, hefur það markmið að stuðla að hreyfanleika nemenda innan Evrópu. Hægt er að fara í skipti- og starfsnám til allra þátttökulanda í Erasmus+. Þessi lönd eru lönd Evrópusambandsins, EFTA löndin Ísland, Lichtenstein og Noregur auk Tyrklands og Makedóníu.
- **Nordplus**
Sambærileg áætlun innan Norðurlandanna er Nordplus Higher Education, sem fjármögnuð er af Norrænu ráðherranefndinni.

Styrkupp hæðir eru breytilegar eftir því hvert farið er. Ferðastyrkur er að lágmarki 275€ en að hámarki 1100€ eftir áfangastað og dvalarstyrkur nemur 450–550€ á mánuði. Margir nemendur



fjármagna skiptinám sitt með námslánum frá Lánasjóði Íslenskra námsmanna (LÍN). Styrkur sem veittur er kemur ekki til lækkunar á námslánunum, en styrkþegar eiga ekki rétt á ferðaláni frá LÍN.

Nemendur sem ekki fá ferðastyrk geta sótt um ferðalán hjá LÍN. Veitt er fullt ferðalán ef stundað er skiptinám allt námsárið, annars hálf t ferðalán. Að öðru leyti vísast í úthlutunarreglur LÍN.



Starfsnám

Auk Erasmus skiptináms til Evrópusambandslanda geta nemendur fengið Erasmus styrki til að fara í starfsnám til Evrópu í 2 til 12 mánuði (Erasmus placement) sem gefur nemendum gott tækifæri á að öðlast starfsreynslu. Stúdentar á öllum námsstigum og einnig þeir sem áður hafa farið í Erasmus skiptinám geta sótt um styrki til starfsnáms. Skilyrði er að starfsnámið tengist námi umsækjanda.

Hægt er að fara í starfsnám sem hluta af námi, en nýmæli er í nýju Erasmus+ áætluninni að nú er hægt að fara í starfsnám að loknu námi, í 2–12 mánuði. Það þarf þó að sækja um starfsnámið fyrir brautskráningu frá Háskóla Íslands. Bæði ferða- og dvalarstyrkir eru í boði. Ferðastyrkur er að lágmarki 275€ en að hámarki 1100€ og dvalarstyrkur er 650–750€ á mánuði.

Umsóknin

Sótt er rafrænt um skiptinám á vef Háskóla Íslands www.hi.is/skiptinam.

Sæki nemandi um skiptinám innan Nordplus- og Erasmus áætlanna er jafnframt sótt um ferða- og dvalarstyrk. Nemandi sem fær úthlutað

Erasmus styrk þarf að taka sérstakt Erasmus tungumálapróf á netinu ef skiptinámið fer fram á ensku, frönsku, spænsku, þýsku, ítölsku eða hollensku. Í Nordplus þarf yfirleitt ekki að taka tungumálapróf. Þó eru einstaka skólar eða deildir innan skóla sem krefjast þess að skiptinemar sýni fram á tungumálakunnáttu með stöðluðu prófi eða meðmælum.

Við flesta enskumælandi skóla utan Evrópu þarf að taka próf sem kannar enskukunnáttu, s.k. TOEFL-próf. Mikilvægt er að huga tímanlega að TOEFL-prófinu en dagsetningar prófanna má sjá á www.ets.org/toefl. Niðurstöður prófsins gilda í tvö ár.

Helstu umsóknarfrestir

- » **1. mars** til Norðurlanda og Eystrasaltslanda í gegnum Nordplus
- » **1. mars** til Evrópulanda í gegnum Erasmus (einnig í Erasmus-starfsnám)
- » **15. janúar** til allra landa utan Evrópu



Ferlið í hnotskurn

1. Kynntu þér skiptinám vel á www.hi.is/skiptinam
2. Athugaðu hvort þú uppfyllir skilyrði til að fara í skiptinám
3. Snúðu þér til Skrifstofu alþjóðasamskipta með þær spurningar sem ekki er hægt að finna svör við á vefnum
4. Veldu samstarfsskóla Háskóla Íslands sem þú hefur áhuga á að fara til. Athugaðu vel að fyrir liggi samstarf í þínu fagi og námsstigi
5. Sæktu um þann skóla sem þú telur henta best og tvo varaskóla að auki
6. Hugaðu að tungumálaprófi
7. Skoðaðu vel kennsluskrá viðkomandi skóla og veldu námskeið í samráði við deildina þína
8. Hafðu samband við deildina þína til að fara yfir fyrirhugaðan námssamning/námsáætlun (Learning Agreement) og fá undirritun
9. Sæktu um rafrænt á www.hi.is/skiptinam og skilaðu síðan umsókninni útprentaðri og undirritaðri ásamt fylgigögnum til Skrifstofu alþjóðasamskipta
10. Eftir umsóknarfrestinn eru allar umsóknir teknar til mats hjá Skrifstofu alþjóðasamskipta
11. Umsækjendur fá tölvupóst um afgreiðslu umsóknar og næstu skref



Eftir umsóknarfrestinn

Umsóknir eru teknar til mats hjá Skrifstofu alþjóðasamskipta að loknum umsóknarfresti og eru umsóknir m.a. metnar eftir einkunnum, námsferli og kynningarbréfi.

Nemendur eru síðan tilnefndir til gestaskóla sem samþykkja eða hafna tilnefndum nemendum. Búast má við svari frá gestaskólanum í maí/júní fyrir haustmisseri og í nóvember fyrir vormisseri. Gestaskólinn sendir síðan upplýsingar um umsóknarferlið og aðrar hagnýtar upplýsingar. Mikilvægt er að fylgja vel leiðbeiningum skólans. Athugið að í þessu seinna skrefi umsóknar um skiptinám eru samskipti að mestu leyti milli stúdents og gestaskóla. Skólinn getur t.d. kallað eftir viðbótargögnum, frekari upplýsingum varðandi skráningu í námskeið, upplýsingum um húsnæði o.fl.

Ef nemandi hættir við áform um skiptinám þarf að láta Skrifstofu alþjóðasamskipta vita án tafar.

Nánari upplýsingar um skiptinám er að finna á vef okkar www.hi.is/skiptinam.



Tækifæri sem er of gott til að sleppa



Heiðrún Ágústsdóttir
Skiptinemi í Stockholms universitet í Svíþjóð.

„Ég mæli tvímælaust með skiptinámi. Með því að flytja í annað land upp á eigin spýtur er maður bókstaflega að henda sjálfum sér út í djúpu lauginu án kúta, sem er hollt og gott fyrir sálina.“

Opnari og víðsýnni



Egill Karlsson
Skiptinemi í University of Tennessee í Bandaríkjunum.

„Skiptinámsdvölin er það skemmtilegasta sem ég hef gert á ævinni og hafði mikil og góð áhrif á mig. Ég er opnari gagnvart öðrum menningarheimum og víðsýnni, auk þess sem ég eignaðist fjölmarga vini sem ég er enn í góðum tengslum við.“



Skiptinám um víða veröld

- » Ástralía
- » Evrópa
- » Bandaríkin
- » Asía
- » Norðurlöndin
- » Kanada

Athugið umsóknarfresti

– hugið að skiptinámi í tíma

SKRIFSTOFA ALÞJÓÐASAMSKIPTA

Háskólatorg
Sæmundargötu 4
101 Reykjavík

Sími: 525 4311
ask@hi.is
www.hi.is/adalvefur/skrifstofa_althjodasamskipta



HÁSKÓLI ÍSLANDS